

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2017: RÖKSTUÐNINGUR DÓMNEFNDA (UM ALLAR TILNEFNAR MYNDIR)

DANMÖRK

Titill á frummáli: ***Forældre***

Titill á ensku: ***Parents***

Leikstjóri: Christian Tafdrup

Nokkuð sjaldgæft er að vísað sé til norrænu goðafræðinnar og ævintýra H.C. Andersens í dönskum kvikmyndum, þó að dönsk kvikmyndahefð eigi að mörgu leyti rætur að rekja til slíkra sagna. Yfirnáttúrulegir atburðir eru þar afar fátíðir. Þessu ræður Christian Tafdrup bót á í fyrstu kvikmynd sinni, *Foreldrum*, þar sem miðaldra hjón verða þess vör einn morguninn að þau eru orðin ung í annað sinn. Þetta er klikkuð, kjánaleg og flippuð mynd, en eins og allar góðar furðusögur hittir hún jafnframt á einhvern sérstakan stað í sál áhorfandans – og Bodil Jørgensen og Søren Malling eru ógleymanleg í hlutverkum hjónanna.

Dómnefnd: Per Juul Carlsen, Jacob Wendt Jensen, Eva Novrup Redvall

FINNLAND

Titill á frummáli: ***Tyttö nimeltä Varpu***

Titill á ensku: ***Little Wing***

Leikstjóri: Selma Vilhunen

Í kvikmyndinni *Tyttö nimeltä Varpu* verður saga einstæðrar móður og dóttur hennar að allsherjarævintýri sem hverfist um viðfangsefni daglegs lífs. Þetta er fyrsta mynd Selmu Vilhunen í fullri lengd, en stuttmynd hennar *Pitäköö mun kaikki hoitaa? (Do I Have to take Care of Everything?)* var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2014. Linnea Skog, sem var aðeins 12 ára gömul á tökutíma myndarinnar, sýnir rík blæbrigði í hlutverki sínu sem dóttirin og Paula Vesala geislar frá sér kvenlegri orku í hlutverki móðurinnar.

Dómnefnd: Jaana Puskala, Mikaela Westerlund, Harri Römpötti

ÍSLAND

Titill á frummáli: ***Hjartasteinn***

Titill á ensku: ***Heartstone***

Leikstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson

Hjartasteinn er þroskasaga unglinganna Þórs og Kristjáns, en sögusviðið er lítið íslenskt sjávarþorp. Vinirnir hafast ýmislegt að sem dæmigert er á íslenskum sumarnóttum, veiða saman, fara í útilegu og kynnst stelpum. Sagan hverfist um djúpa og innilega vináttu drengjanna tveggja og mögulega kynferðislega spennu þeirra á milli.

Leikstjórnarstíll Guðmundar Arnars Guðmundssonar er afslappaður og náúralískur, og þó að fegurð fjarðanna í baksýn sé töfrandi nær hún ekki að skyggja á frásögnina og þá skörpu

mynd sem dregin er upp af reynslu drengjanna. Frábær frammistaða aðalleikaranna Baldurs Einarssonar og Blæs Hinrikssonar, auk hins gróna landslags Austurlands, undirstrikar enn frekar hinn óvenju brothætta styrk myndarinnar.

Dómnefnd: Silja Hauksdóttir, Börkur Gunnarsson, Helga Pórey Jónsdóttir

NOREGUR

Titill á frummáli: *Fluefangeren*

Titill á ensku: *Hunting Flies*

Leikstjóri: Izer Aliu

Fluefangeren er óvenju vel heppnuð mynd með lágan framleiðslukostnað, þar sem öll úrræði eru nýtt með sem bestu móti. Persónur sögunnar, kennarinn og nemendur hans, eru kynntar fyrir áhorfandanum á svo fínlegan og eðlilegan hátt að hann fær á tilfinninguna að þau átakamiklu samskipti sem hann verður vitni að, séu raunveruleg. Sögusviðið er afar sértækt; skólastofa í Makedónsku þorpi. Izer Aliu segir sögu sem hefur pólitískt og sálrænt gildi á ýmsum sviðum og er jafnframt skörp lýsing á því hvernig einræðisríki getur risið og fallið.

Dómnefnd: Inger Merete Hobbeldstad, Kalle Løchen, Britt Sørensen

SVÍÐJÓÐ

Titill á frummáli: *Sameblod*

Titill á ensku: *Sámi Blood*

Leikstjóri: Amanda Kernell

Hér er á ferð hugrökk frásögn sem opnar á samræður um bældan og gleymdan kafla í sögu Svíþjóðar, og sem á jafnframt brýnt erindi við samtímann með umfjöllun sinni um uppruna og félags- og menningarlegan hreyfanleika.

Amanda Kernell sýnir hér vald sitt á handverki kvikmyndalistarinnar og mikinn næmleika hvað varðar persónusköpun og smæstu smáatriði. Ásamt myndatökumanninum Sophiu Olsson tekst henni að fanga bæði stórbrotið landslag og innsta kjarna aðalpersónunnar; smæð manneskjunnar í hinu stærra samhengi.

Dómnefnd: Kristina Börjeson, Emma Gray-Munthe, Gunnar Bergdahl